

SÁL103  
Verkefni 3:  
Kafli 6. Rannsóknir í sálfræði

1. Hver er **tilgangur** a) **tilrauna** og hins vegar b) **vettvangsathugana**?
2. Í hvaða rannsóknaraðferðum er **ekki** verið að skoða **samband á milli breyta**? Nefndu a.m.k. tvær aðferðir.
3. Að hvaða leyti gefa **niðurstöður í tilraunum betri upplýsingar** heldur en niðurstöður í fylgnirannsóknnum?
4. **Við hvaða aðstæður** er fylgnirannsókn notuð frekar en tilraun?
5. Hvað segir **fylgnistuðullinn** (Pearsons r) okkur?
6. Svarið A, B og C lið fyrir sérhverja rannsóknarspurningu.
  - A. Hvaða **rannsóknaraðferð** er best að nota til að prófa eftirtaldar tilgátur (þarf auðvitað ekki að svara spurningunum sjálfum)
  - B. Hver er **frumbreyta** og hins vegar **fylgibreyta** (má sleppa í dæmum nr. 2, 4, 5 og 6)
  - C. Hvernig mynduð þið **framkvæma rannsóknina**? Skriðið niður stutta lýsingu þar sem fram kemur allt sem skiptir máli.
1. Það er mögulegt að breyta viðhorfum fólks varðandi umhverfismál með því að sýna fræðslumynd um hugsanlegar afleiðingar mengunar í framtíðinni
2. Sjá má merki um einelti í öllum aldurshópum í leikskóla og grunnskóla
3. Góðar mætingar leiða til betri frammistöðu nemenda í prófi
4. Það er samband á milli atvinnuleysis og fjölda öryrkja
5. Íslendingar eru almennt hlynntir náttúruverndarsjónarmiðum
6. Foreldrar fatlaðra barna upplifa þjónustu við fötluð börn yfirleitt jákvætt